



## Fundargerð

**455. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í fjarfundi þann 26. nóvember 2020 kl. 15:00. Þetta er 17. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 5 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum er einnig streymt beint á youtube; <https://www.youtube.com/watch?v=KaHR2CmDxWA>

Unnur Einarasdóttir Blandon 2. varamaður D-lista tekur sæti Katrínar Gunnarsdóttur D-lista. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir boðar forföll og í hennar stað er mætt Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z-lista.

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá að við málefnskrá bætist;

## II. Málefni til umfjöllunar

8. Útboð á gatnagerð við læknisbústað - opnun tilboða dags, 25.11.2020

## IV. Annar kynningarefni

3. Stöðuskýrsla nr. 8 teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19. Félagsmálaráðuneytið, dags. 24.11.2020

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

## Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

*14. nóvember fundur í verkefnahóp um sameiningu sveitarfélaga.*

*14. nóvember skipulagsdagur sveitarfélaganna og Skipulagsstofnunar.*

*16. nóvember fundur með Rannveigu Ólafsdóttur hjá Náttúrustofu Suðausturlands varðandi mælingar á kolefnislosun í Skaftárhreppi.*

*17. nóvember fundur lögreglustjóra Suðurlands með sveitar- og bæjarstjórum á Suðurlandi vegna Covid 19*

*18. nóvember fundur í vinnuhóp um svæðisskipulag á Suðurhálandi.*

*18. nóvember íbúafundur á Zoom vegna vinnu við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.*

*18. nóvember stöðufundur vegna tilraunaverkefnis í úrgangsmálum með ReSource og HÍ*

*18. nóvember ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga*

*19. nóvember vinnufundur sveitarstjórnar vegna fjárhagsáætlunar 2021-2024.*

*20. nóvember fundur í verkefnahóp um sameiningu sveitarfélaga.*

*24. nóvember fundur sveitarstjórnar með forsvarsmönnum Kjarvals vegna fyrirhugaðrar lokunar verslunarinnar*

*25. nóvember aðalfundur Bergrisans bs*

*26. nóvember fundur með eigendum Systrakaffis ehf.*

## Dagskrá

### I. Fundargerðir til samþykktar

1. Fundargerð 49. fundar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 10.11.2020



## Málefni Skólaþjónustu

### 1. Fjárhagsáætlun Skólaþjónustu fyrir árið 2021.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 lögð fram. Áætlunin gerir ráð fyrir rekstrargjöldum upp á kr. 81.750.993.-

Áætlunin samþykkt samhljóða.

*Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir fjárhagsáætlunina fyrir sitt leyti.*

## Málefni Félagsþjónustu:

### 2. Fjárhagsáætlun Félagsþjónustu.

Áætlunin gerir ráð fyrir rekstrargjöldum upp á kr. 78.473.002.-

Áætlunin samþykkt samhljóða.

*Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir fjárhagsáætlunina fyrir sitt leyti.*

### 3. Fjárhagsáætlun Málaflokks fatlaðs fólks.

Áætlunin gerir ráð fyrir rekstrargjöldum upp á kr. 11.899.820.-

Áætlunin samþykkt samhljóða.

*Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir fjárhagsáætlunina fyrir sitt leyti.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

## II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

- 2011001 Ákvörðun um útsvar, álagningar og gjaldskrár  
Útsvarshlutfall verður 14,52%

*Fasteignagjöld skv. a- lið, íbúðir og útihús, 0,625%*

*Fasteignagjöld skv. b- lið, opinbert húsnæði, 1,32%*

*Fasteignagjöld skv. c- lið, atvinnuhúsnæði, 1,65%*

*Holræsagjald verði 0,25% af fasteignamati húss og lóðar á Kirkjubæjarklaustri.*

*Gjalddagar fasteignagjalda 2021 verða 9.*

### **Gjaldskrár sem hækka mv. vísitölu**

*Gjaldskrá byggingarleyfa og skipulagsmála*

*Gatnagerðargjöld*

*Gjaldskrá mótuneytis*

*Gjaldskrá tónlistarskóla*

*Gjaldskrá leikskóla*

*Gjaldskrá slökkviliðs*

### **Óbreyttar gjaldskrár milli ára;**

*Hunda- og kattahald*

*Leiga félagsheimila*

*Íþróttamiðstöð*

*Verðlaun fyrir refa- og minkaveiðar*



*Unnið er að gagngerum breytingum á gjaldskrá sorphirðu og sorpeyðingar sem áætlað er að leggja fram í janúar 2021.*

*Sveitarstjórn samþykkir álagningar og gjaldskrár 2021*

2. 2011001 Fjárhagsáætlun 2021-2024 – fyrri umræða  
*Sveitarstjóri fer yfir greinargerð með fyrri umræðu. Við fyrri umræðu hefur verið tekið tillit til beiðna frá forstöðumönnum og nefndum. Haldinn var íbúafundur 18. nóvember á Zoom þar sem kynnt voru fyrir íbúum þau verkefni sem fyrirhuguð eru á næstu árum. Ekki komu fram ábendingar frá íbúum eftir fundinn að þessu sinni. Rekstrarniðurstaða 2021 gerir ráð fyrir 15.345 þús.kr. í halla. Rekstraráætlun 2022-2024 er miðuð við vísitölubreytingar samkvæmt þjóðhagsspá. Viðhald og fjárfestingar ársins 2021 verða 195.750 þús.kr. sem fjármagnaðar verða að stærstum hluta með lántökum miðað við að tekjur sveitarfélagsins þróist með óbreyttum hætti frá 2021.*

*Fjárhagsáætlun 2021-2024 vísað til síðari umræðu.*

3. 1604013 Niðurfelling fasteignagjalda 2021. Björgunarsveitin Kyndill, dags. 19.11.2020  
*Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar til umræðu við gerð fjárhagsáætlunar 2021.*
4. 2011009 Ný brú á Hverfisfljót í Skaftárhreppi – beiðni um umsögn. Skipulagsstofnun, dags. 06.11.2020  
*Sveitarstjórn vísar erindi Skipulagsstofnunar til umsagnar skipulagsnefndar. Sveitarstjóra falið að upplýsa Skipulagsstofnun um að þörf sé á frekari tímafresti til að svara erindinu.*
5. 1910014 Tillaga verkefnahóps, Sveitarfélagsins Suðurlands varðandi könnun á möguleikum á sameiningu sveitarfélaganna: Skaftárhrepps, Ásahrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra og Rangárþings ytra, dags. 20.11.2020.  
*Þann 17. október 2019 lagði sveitarstjórn Mýrdalshrepps til við sveitarstjórnir Ásahrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Skaftárhrepps að skipaður yrði verkefnishópur til að kanna kosti og galla sameiningar sveitarfélaganna. Erindið var samþykkt af öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnnum og hver sveitarstjórn skipaði þrjá fulltrúa í verkefnishópinn sem tók til starfa 13. desember 2019. Verkefnið hefur hlotið verkefnisheitið „Sveitarfélagið Suðurland“.*

*Markmið verkefnishópsins var að leggja mat á það hvort hag íbúa sveitarfélaganna væri betur borgið í sameinuðu sveitarfélagi en í núverandi sveitarfélagaskipan. Til að svara þeirri spurningu var lagt mat á áhrif mögulegrar sameiningar á rekstur sveitarfélaganna, þjónustu, fjármál, gjaldtöku, skattlagningu og fleira sem varðar starfsemi sveitarfélaganna. Skipaðir voru starfshópar til að kortleggja stöðu, tækifæri, áskoranir og mögulega framtíðarsýn í málaflökkum. Einnig var leitað eftir sjónarmiðum íbúa á opnum íbúafundum og í könnun á viðhorfi þeirra til sameiningar.*

*Að lokinni skoðun á áhrifum mögulegrar sameiningar á starfsemi sveitarfélaga á svæðinu hefur verkefnishópurinn komist að þeirri niðurstöðu að ástæða sé til að ætla að fleiri kostir séu við sameiningu sveitarfélaganna en ókostir fyrir íbúana. Niðurstöður umræðna á íbúafundum og viðhorfskönnunar gefa vísbendingar um að vilji íbúanna sé að málið verði skoðað betur og þeim gefinn kostur á að kjósa um sameiningu.*



Sveitarstjórn vill hvetja íbúa til að kynna sér þá vinnu sem fram hefur farið undanfarið ár og má finna á vefsíðunni [www.svsudurland.is](http://www.svsudurland.is).

Sveitarstjórn Skaftárhrepps mun taka formlega afstöðu til tillögu verkefnahópsins á næsta fundi sínum þann 10. desember nk.

6. 2011010 Fyrirhuguð lokun verslunarinnar Kjarval á Kirkjubæjarklaustri.  
*Forsvarsmenn verslunarinnar Kjarvals á Kirkjubæjarklaustri komu að máli við sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 24. nóvember og tilkynnti þeim fyrirhugaða lokun verslunarinnar á Kirkjubæjarklaustri frá og með 1. janúar 2021.*

Sveitarstjórn vill af því tilefni koma á framfæri vonbrigðum með þennan stutta fyrirvara sem íbúum er gefinn, því ógerlegt er að koma upp nýjum valkosti í matvöruverslun innan þessa tímaramma. Sveitarstjórn Skaftárhrepps getur ekki á nokkurn hátt stutt við eða talað fyrir lausnum sem skerða þjónustu við íbúa sveitarfélagsins. Slíkt rýrir samkeppnishæfni sveitarfélagsins sem ákjósanlegan búsetukost til framtíðar.

Í ljósi þess að þúsundir manna fara um Skaftárhrepp á hverjum degi í eðlilegu árferði hlýtur staðsetning fyrir verslun á Kirkjubæjarklaustri að teljast fýsilegur kostur.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að leita leiða til að tryggja að áfram verði dagvöruverslun rekin í sveitarfélaginu.

7. 2010008 Gerð svæðisskipulags fyrir Suðurhálandið, skipting kostnaðar, skipan í starfshóp og ráðning ráðgjafa, dags. 20.11.2020.  
*Á fundi starfshóps um gerð svæðisskipulags fyrir Suðurhálandið sem haldinn var 18. nóvember sl. var samþykkt að senda sveitarfélögunum 11 sem að svæðisskipulaginu koma beiðni um framhald verkefnisins. Áætlaður kostnaður Skaftárhrepps er 1.511.628,- sem skiptist á þrjú ár. Ráðgjafar Eflu munu leiða verkið.*

Sveitarstjórn þakkar erindið. Oddviti ber undir atkvæði tillögu um áframhaldandi þátttöku Skaftárhrepps í verkefninu og samþykkt þeirra starfsreglna sem liggja fyrir fundi; EBH, BG og UEB samþykkja tillöguna. JBJ og AH sitja hjá.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að áætlun um kostnað verkefnisins verði vísað til umræðu um fjárhagsáætlun 2021-2024.

Z-listinn óskar bókunar;

Umræðurnar og vinnan við svæðisskipulag Suðurhálandisins stefnir mjög í þá átt að vera andspyrna við stofnun Miðhálandisþjóðgarðs, og andar af tortryggni út í aðkomu ríkisins að skipulagi og stjórnun hálandisins, sem þó er í eigu ríkisins að stærstum hluta í formi þjóðlendu. Reynsla Skaftárhrepps af samvinnu við ríkisstofnanir innan sveitafélagsmarka, bæði Vatnajökulþjóðgarð og Umhverfisstofnun, er mjög jákvæð og því telur Z listinn þessa vinnu ekki nýtast sveitarfélaginu og alls ekki samrýmast stefnu þess í umhverfismálum. Z listinn hefði helst kosið að Skaftárhreppur dragi sig út úr verkefninu. Þar sem ljóst er að ekki er meirihlutavilji fyrir því mun Z-listinn beita sér enn harðar innan verkefnisins að koma til skila þeim jákvæðu áhrifum sem samvinna sveitarfélagsins og ríkisins hefur haft á síðustu árum.

Sveitarstjórn skipar Jón Hrafn Karlsson og Jónu Björk Jónsdóttur aðalmenn í verkefnahópinn og Bjarka Guðnason og Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur til vara.



*Eva Björk Harðardóttir felur Bjarka Guðnasyni varaoddvita stjórn fundarins og lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og viku af fundi.*

8. Útboð á gatnagerð við læknisreit- opnun tilboða dags, 25.11.2020  
*Fjórir aðilar sendu tilboð í gatnagerð við læknisbústað:*

*Stepprudrangur ehf – 50.058.450,-*

*Digriklettur ehf – 45.961.350,-*

*Framrás ehf – 38.583.100,-*

*Smávélar ehf og Gröfubjónustan Hvolsvelli ehf. – 44.425.150,-*

*Sveitarstjórn þakkar tilboðsgjöfum og samþykkir samhljóða að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að ganga til samninga við Framrás ehf um verkið.*

*Eva Björk kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.*

### **III. Fundargerðir til kynningar**

1. Fundargerð 564. fundar stjórnar SASS, *Fundargerð kynnt.*
2. Fundargerð 208. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 13.11.2020. *Fundargerð kynnt.*
3. Fundargerð 891. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 20.11.2020. *Fundargerð kynnt.*
4. Verkfundargerð 08. um Þekkingarsetur, dags. 30.10.2020. *Fundargerð kynnt.*
5. Verkfundargerð 09. um Þekkingarsetur, dags. 06.11.2020. *Fundargerð kynnt.*
6. Verkfundargerð 10. um Þekkingarsetur, dags. 20.11.2020. *Fundargerð kynnt.*

### **IV. Annað kynningarefni**

1. Hvatning til sveitarstjórnarfólks vegna styttingar vinnuviku. ASÍ, BHM, BSRB, Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda leikskóla, dags. 18.11.2020. *Kynnt.*
2. Viðbragðsáætlun til að bæta loftgæði utandyra, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dags, 30.10.2020. *Kynnt*
3. Stöðuskýrsla nr. 8 teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19. Félagsmálaráðuneytið, dags. 24.11.2020. *Kynnt*

Fundargerð lesin upp og samþykkt í tölvupósti til sveitarstjóra

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 10. desember nk.

Fundi slitið kl. 17:35

\_\_\_\_\_  
Eva Björk Harðardóttir

\_\_\_\_\_  
Unnur Einarsdóttir Blandon

\_\_\_\_\_  
Jóna Björk Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Arndís Harðardóttir

\_\_\_\_\_  
Bjarki Guðnason